

# ÁRSSKÝRSLA 1997

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

# EFNISYFIRLIT

## Contents


Ávarp forstöðumanns . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4

*Director's Address . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5*

Fjarskiptamarkaðurinn 1997 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6

Póstþjónusta 1997 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 7

*The Telecommunications Market in 1997 . . . . . . . . . . 8*

*The Postal Services in 1997 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8*

Rekstrarreikningur 1997 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10

*Income Statement 1997 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 12*

Efnahagsreikningur 1997 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 14

*Balance Sheet 1997 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 15*

Starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar 1997 . . . . . . . 16

*Operations 1997 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 16*

Skipurit Póst- og fjarskiptastofnunar . . . . . . . . . . . . . 18

*Organization . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 18*




# ÁVARP FORSTÖÐUMANNS

Það má öllum vera ljóst að bæði póst- og fjarskiptaþjónusta eru á öru breytingaskeiði. Ný lög um póst og fjarskipti sem voru samþykkt í lok ársins 1996 marka ný spor í þessu sambandi og breyting Póst- og símamálastofnunar í hlutafélagið Póstur og sími hf. í ársbyrjun 1997 var ekki síður stórt skref. Lokun Póst- og símamálastofnunar, fyrrnefnd lög um póst og fjarskipti og stofnun hinnar nýju Póst- og fjarskiptastofnunar mynda samfellda atburðarás sem á rætur sínar að rekja annars vegar til inngöngu Íslands í evrópska efnahagssvæðið og hins vegar til markaðs- og þjóðfélagsþróunar. Á Íslandi sem og í öðrum Evrópulöndum hefur verið þrýst á stjórnvöld að afnema einkaréttindi ríkisins á sviði pósts og fjarskipta og í framhaldi þess eru í mótun hér á landi hugmyndir um að einkavæða ríkisfyrirtækið sem í áratugi hefur annast fjarskiptaþjónustu við almenning.

***Póst- og fjarskiptastofnun tók til starfa 1. apríl 1997 og nær fyrsta ársskýrslan sem hér birtist einungis yfir níu mánaða starfsemi. Lög um stofnunina voru samþykkt í lok ársins 1996 og var því ekki langur aðdragandi að því að hún tæki til starfa, en hafa verður í huga að Póst- og fjarskiptastofnun tók yfir starfsemi Fjarskiptaeftirlits ríkisins og byrjaði að því leyti ekki með tvær hendur tómar.***

Framvinda breytinga í Evrópu er mishröð í einstökum löndum en Evrópusambandið og EFTA hafa tekið saman höndum um að reka á eftir þeim með margs konar aðgerðum í formi tilskipana og tilmæla.

Þannig hefur stefna ESB um algjört afnám einkaréttar á fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta frá og með 1. janúar 1998 verið innleidd á öllu evrópska efnahagssvæðinu og er endurspegluð í íslensku lögunum um fjarskipti. Einkaréttur til að veita bréfapóstþjónustu er enn í höndum ríkisins en hefur verið takmarkaður og það munu líklega ekki líða mörg ár þangað til að almenn samkeppni í póstþjónustu verður að veruleika.

Það er stundum spurt hvers vegna nauðsyn hafi borið til að setja upp nýja stofnun til þess að hafa eftirlit með póst- og fjarskiptastarfsemi fyrst verið er að afnema einkarétt og efna til samkeppni. Það eru til ýmis svör við spurningunni, en það má einkum nefna til tvennt. Kostnaður við að veita landsmönnum þjónustu er misjafn eftir búsetu og í samkeppni er sú hætta fyrir hendi að barist verði um notendur á þéttbýlissvæðum þar sem tilkostnaður er hlutfallslega minni, en að notendur á landsbyggðinni kunni að verða afskiptir um þjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun á að tryggja að allir landsmenn geti notið þjónustu á viðráðanlegu verði. Hitt svarið er að nauðsynlegt er að tengja saman mismunandi fjarskiptanet til þess að notendur geti allir haft samband hver við annan. Ýmis tækni- og gjaldavandamál fylgja slíkri samtengingu sem erfitt getur reynst að leysa með samningum einkum þegar annar aðilinn hefur hvort tveggja, yfirráðarétt yfir hinu almenna fjarskiptaneti og yfirburðastöðu á markaðinum í þjónustu. Við slíkar aðstæður er ekki ólíklegt að úrskurður óháðs aðila verði að koma til.

Fyrsta starfsár Póst- og fjarskiptastofnunar hefur verið annasamt því auk þess að leita eftir hæfum starfskröftum og koma sér fyrir í nýju húsnæði varð stofnunin strax að taka á mörgum verkefnum sem safnast höfðu saman í sambandi við nýja löggjöf og útfærslu Evrópustefnunnar sem fyrr var getið. Þó að ýmislegt hafi áunnist, bíða fjölmörg verkefni úrlausnar bæði innanlands og í sambandi við alþjóðamál. Póst- og fjarskiptastofnun þarf því ekki að kvíða verkefnaskorti.

*Forstöðumaður*



# DIRECTOR'S ADDRESS

***The Post and Telecom Administration came into being on 1 April 1997 and the first Annual Report that appears here covers the first nine months of activity. The legislation establishing the Administration was passed at the end of 1996 and the prelude to the opening was therefore short, but it must be kept in mind that the Post and Telecom Administration took over the National Telecom Inspectorate and in that respect cannot be said to have started with empty hands.***

Everybody will be aware that both post and telecommunication services are undergoing rapid changes. Laws covering post and telecommunications that were adopted at the end of 1996 mark new milestones in this respect, and the conversion of the Post and Telecommunication Administration to a public company, Post and Telecom Ltd., at the beginning of 1997 was also a major step. The closing of the Post and Telecommunication Administration, the legislation referred to earlier and the creation of the new Post and Telecom Administration complete a cycle of events that on the one hand stems from the entrance of Iceland into the European Economic Area and on the other hand from market development and social change. In Iceland, as in other European countries, public authorities have been pressed to abolish monopoly rights in post and telecommunications and, as a next step, ideas are being formed to privatize the State-run company that for decades has provided telecommunication services to the public. The speed of change in Europe differs from country to country, but the European Community and the European Free Trade Association have combined to expedite changes with various actions in the form of directives and recommendations. Thus the EC policy to completely abolish special rights in telecommunication services and telecommunication networks as of 1 January 1998 was adopted in the whole European Economic Area and is reflected in the Icelandic legislation on telecommunications. The sole right to provide letter service is still in the hands of the State, but it has been limited in its extent and in all likelihood not many years will pass before general competition in the postal services becomes a reality.

The question is sometimes posed why it has been found necessary to create a new institution to oversee post and telecommunications while special rights are being abolished and competition introduced. There are several possible answers to this, but two in particular can be given. The cost of providing service to the public varies according to location, and in a competitive situation there is a danger that users in densely populated areas, where costs are proportionately lower, will be fought over while rural users might be poorly served. The Post and Telecom Administration must ensure that the whole population can enjoy services at an affordable cost. The other important answer is that it will be essential to interconnect different telecommunication networks so that each user can communicate with every other user. Such an interconnection may result in technical and financial problems that can be difficult to solve, especially when one of the parties has both a control over the public telecommunications network and a superior position in the service market. Under these conditions it is not unlikely that a ruling by an independent body will be required.

The first year of operation for the Post and Telecom Administration has been busy, as in addition to searching for qualified staff and settling in new offices, it has had to deal immediately with many tasks that have amassed in connection with the new legislation and the implementation of the European policy described earlier. Although several tasks have been accomplished there are many others waiting, both domestic and international. The Post and Telecom Administration need not fear a shortage of assignments.

*Director*



# FJARSKIPTAMARKAÐURINN 1997

***Tvennt stendur upp úr þegar litið er um öxl og fjarskiptamarkaður á árinu 1997 skoðaður. Hið fyrsta er eftirvænting sem ríkti vegna byltingarinnar sem átti að eiga sér stað 1. janúar 1998 með afnámi síðustu einkaréttarákvæða víðs vegar um Evrópu. Eftirvæntingin var blönduð óvissu eins og flestir ættu erfitt með að átta sig á því hvaða áhrif afnám einkaréttarins mundi hafa. Reyndin varð sú að öfugt við það sem átti sér stað í mörgum öðrum Evrópulöndum mátti ekki sjá mörg ný fjarskiptafyrirtæki í startholum á Íslandi. Það má jafnvel ganga svo langt að segja að það sé alfarið að þakka einu fyrirtæki að hinn íslenski fjarskiptamarkaður fékk ekki frávísunareinkenni strax um áramótin. Á miðju ári fékk Íslenska farsímafélagið sem seinna breytti um heiti í Tal hf. rekstrarleyfi til að reka farsímanet og veita þjónustu. Enda þótt að félagið ráðgerði ekki að hefja starfsemi fyrr en með vordögum 1998 má segja að tilkoma þess og undirbúningur að starfseminni hafi orðið til að halda á lofti fána samkeppninnar um hin margumtöluðu áramót.***

Íslenska farsímafélagið fékk leyfi til að reka GSM farsímaþjónustu að undangengnu útboði sem samgönguráðherra stóð fyrir í því skyni að velja Pósti og síma, eins og hann hét þá, keppinaut í þessari grein a.m.k. í þéttbýlisstöðum. Það var merki um takmarkaðan áhuga á hinum nýja fjarskiptamarkaði að einungis eitt tilboð barst en það var vel útfært og átti sér öfluga bakhjarla. Það vildi svo skemmtilega til að GSM leyfið var fyrsta leyfið fyrir fjarskiptarekstur sem Póst- og fjarskiptastofnun veitti eftir að hún tók til starfa 1. apríl 1997. Afdrif Tals hf. munu skipta miklu máli, ekki aðeins fyrir fyrirtækið og eigendur þess, heldur ekki síður fyrir þróun markaðarins og fyrir Póst- og fjarskiptastofnun sem hefur að meginhlutverki að stuðla að samkeppni á fjarskiptamarkaðnum. Þá er frammistaða Tals ekki síður mikilvæg fyrir Landssíma Íslands sem verður að nota þetta tækifæri til að sýna að hann getur og vill aðlaga sig nýju umhverfi þar sem einkaréttarverndin er ekki lengur fyrir hendi og samkeppni er lykilorð. Annað eftirtektarvert á fjarskiptamarkaðnum voru breytingar á starfsemi Póst- og símamálastofnunar fyrrverandi.

Á miðju ári 1996 var ákveðið með lögum að breyta stofnuninni í hlutafélag, Póst og síma hf., sem alfarið skyldi vera í eigu ríkisins og í lok ársins veitti samgöngu-

ráðherra hlutafélaginu rekstrarleyfi til eins árs. Samtímis því afgreiddi Alþingi ný fjarskiptalög þar sem kveðið var á um að einkaleyfi Pósts og síma skyldi renna út í árslok 1997. Á sama tíma var hið nýja hlutafélag svipt því stjórnsýsluhlutverki sem Póst- og símamálastofnun hafði gegnt um áratugi. Skammt var stórra högga á milli því að í ágúst 1997 var ákveðið að skilja póstinn frá símahlutanum og mynda tvö ný ríkishlutafélög, Landssíma Íslands hf. og Íslandspóst hf. frá og með 1. janúar 1998. Telja verður að þessar aðgerðir hafi orðið til að styrkja Landssíma Íslands fyrir hugsanlega samkeppni. Í lög um fjarskipti sem samþykkt voru á Alþingi í árslok 1996 var hnýtt ákvæði um að landið skyldi gert að einu gjaldsvæði eigi síðar en 1. júlí 1998. Þar sem þessi ákvörðun kemur að líkindum í veg fyrir að samkeppni geti myndast um langlínuþjónustu eina og sér þurfti ekki að koma á óvart að Póstur og sími hf. flýtti gildistöku hennar fram til 1. nóvember 1997. Enda þótt tilraun yfirstjórnar Pósts og síma hf. að bæta sér upp tekjumissi af langlínusímtölum með hækkun innansvæðisgjalda hafi farið að hluta til út um þúfur m.a. vegna mikilla mótmæla Internetnotenda, fer ekki milli mála að þessi ákvörðun Alþingis hefur enn orðið til að styrkja stöðu Landssíma Íslands því að nær enginn fjárhagslegur grundvöllur er fyrir önnur fjarskiptafyrirtæki að fara út í uppbyggingu langlínukerfa, þegar engin eru langlínugjöldin. Engin fjarskiptaþjónusta óx jafnhratt og Internetþjónustan og gefa tölur til kynna að Finnar og Íslendingar séu fremstir meðal þjóða að því er varðar fjölda notenda. Mörg fyrirtæki bjóða nú Internetþjónustu í formi áskriftar og aðstoðar við uppsetningu hugbúnaðar. Póst- og fjarskiptastofnun flokkar slíka þjónustu sem virðisaukandi þjónustu og þarf ekki rekstrarleyfi fyrir henni. Það eru hins vegar einungis tveir aðilar sem starfrækja gátt til útlanda, Internet á Íslandi (INTÍS) og Landssími Íslands. Báðir aðilar tengjast Internetgáttum erlendis.

## PÓSTÞJÓNUSTA 1997

ESB hefur haft forystu í Evrópu um afnám einkaréttar á fjarskiptasviðinu og hefur jafnframt gefið út tilskipanir um póstþjónustu. Afnám einkaréttar á póstsviðinu er samt langt á eftir fjarskiptunum og 1. janúar 1998 hafði þannig ekki sama mikilvægi fyrir póstþjónustuna. Engu að síður verður þessa dags minnst vegna stofnunar Íslandspósts hf. og aðskilnaðar hans frá Landssíma Íslands hf. Í mörg undanfarin ár hefur póststarfsemi Pósts og síma hf. verið rekin með tapi en á árinu 1997 tókst að minnka tapið niður í tæpar 100 millj. kr. Það verður hlutverk nýrrar stjórnar og starfsmanna Íslandspósts að snúa tapinu í hagnað með hagræðingu í rekstri og skynsamlegri markaðsfærslu.
Í nýjum lögum um póstþjónustu sem samþykkt voru á Alþingi í lok ársins 1996 eru ákvæði um skyldur íslenska ríkisins að tryggja landsmönnum reglulega grunnpóstþjónustu en jafnframt er kveðið á um einkarétt ríkisins á póstmeðferð ákveðinna sendinga, þ.m.t. lokaðra bréfa. Að öðru leyti getur Póst- og fjarskiptastofnun gefið út rekstrarleyfi fyrir grunnpóstþjónustu. Samgönguráðherra veitti í árslok 1996 Pósti og síma hf. einkarétt ríkisins til eins árs. Póst- og fjarskiptastofnun fékk það hlutverk að endurnýja leyfið 1. janúar 1998. Stofnunin varð, fljótlega eftir að hún tók til starfa, við umsókn Póstdreifingar ehf. um leyfi til að starfrækja grunnpóstþjónustu. Fyrirtækið nýtti sér ekki leyfið á árinu. Samkvæmt lögunum um póstþjónustu ber póstrekendum, öðrum en þeim sem fá rekstrarleyfi, að skrá sig hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Eftir er að setja reglugerð um skráninguna en hún mun væntanlega ná til þeirra aðila sem annast tilfallandi grunnpóstsendingar.



# THE TELECOMMUNICATIONS MARKET IN 1997

***Two things stand out when the 1997 telecommunications market is reviewed. The first is the general anticipation of the changes that could occur after 1 January 1998, when the last of the special rights still existing in most of Europe would be abolished. It turned out, however, that contrary to what was taking place in other European countries, not many telecommunications companies had appeared on Iceland's starting blocks by the end of the year.***

One could say that the situation was saved by one newcomer. In the middle of 1997 the Icelandic Mobile Phone Company, later to be renamed Tal Ltd., received a license to operate a GSM mobile phone network and provide services. Although the company did not intend to commence service until spring 1998, its appearance on the scene could be said to have carried the flag of competition at the end of the year.

The second event of note in the telecommunications market in 1997 were the changes to the former Post and Telecommunication Administration (PTA). In 1996 a law was passed changing the PTA into a public company, Post and Telecom Ltd., in which the State was the sole shareholder, and at the end of that year the Minister of Communications granted the company a license for one year. At the same time, Parliament passed a new telecommunication law with a provision that the special rights of Post and Telecom Ltd. were to expire at the end of 1997. Simultaneously, the new company was stripped of the regulatory roles that its predecessor had played for so long. To conclude a rapid succession of events, in August 1997 it was decided to separate postal activities from the telecom business and establish two State-owned companies, Iceland Telecom Ltd. and Iceland Post Ltd.

During the year, no sector of telecoms grew faster than the Internet, and figures indicate that the Finns and Icelanders are at the top of the table when it comes to the number of users. Internet services in the form of subscriptions and assistance in installing software are provided by a large number of companies. This type of service is classified as value-added service, and no licenses are required for this service. So far, however, there are only two operators that provide an international Internet gateway: Internet in Iceland (INTÍS) and Iceland Telecom.

# THE POSTAL SERVICES IN 1997

As far as the post is concerned, 1 January 1998 did not have the same significance as it did for telecommunications. Nevertheless, the date will be remembered for the establishment of Iceland Post Ltd. and its separation from Iceland Telecom Ltd. For many years the post has been operating at a loss, but during 1997 the loss was brought down to a manageable ISK 100 million. It will be the task of the new management and employees to turn the corner by rationalization and skilful marketing.

The Postal Services Law passed by Parliament at the end of 1996 includes provisions regarding the obligations of the State to ensure regular postal services for the whole population as well as stipulating special rights of the State for the purveyance of certain categories of mail including closed letters. Apart from this, the Post and Telecom Administration may issue licenses for basic services. The Minister of Communications granted Post and Telecom Ltd. the execution of the special rights due to the State for a period of one year. It was left to the Post and Telecom Administration to renew this license at the end of 1997. During 1997, the company Postdreifing Ltd. received a license to provide basic services, a license that the company decided not to utilize during the year.





# ÁRSREIKNINGAR 1997
## Financial Statements 1997

# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Rekstrarreikningur apríl - desember 1997

| | | |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | |
| Sértekjur | kr. | 53.084.809 |
| Leyfisgjöld millif. frá samgönguráðuneyti | kr. | 40.000.000 |
| | **kr.** | **93.084.809** |
| **Fjármunatekjur:** | | |
| Vextir af innstæðum | kr. | 525.761 |
| Færðir dráttarvextir af útistandandi kröfum | kr. | 12.437.143 |
| | **kr.** | **12.962.904** |
| **Tekjur samtals** | **kr.** | **106.047.713** |
| **Tekjur umfram gjöld** | **kr.** | **11.266.767** |

# FJARSKIPTAEFTIRLIT RÍKISINS

## Rekstrarreikningur janúar - mars 1997

| | | |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | |
| Sértekjur | kr. | 11.184.387 |
| **Tekjur samtals** | **kr.** | **11.184.387** |



**Rekstrargjöld:**

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | kr. | 33.903.083 |
| Önnur rekstrargjöld | kr. | 28.660.875 |
| Kostnaður millif. frá samgönguráðuneyti | kr. | 32.209.680 |
| | **kr.** | **94.773.638** |

**Fjármagnsgjöld:**

| | | |
|---|---|---|
| Greiddur fjármagnskostnaður | kr. | 7.308 |

| | | |
|---|---|---|
| **Gjöld samtals** | **kr.** | **94.780.946** |

**Rekstrargjöld:**

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | kr. | 7.184.783 |
| Eignakaup | kr. | 1.519.116 |
| Önnur gjöld | kr. | 4.370.239 |
| Tapaðar kröfur | kr. | 4.188.630 |
| | **kr.** | **17.262.768** |

| | | |
|---|---|---|
| **Gjöld samtals** | **kr.** | **17.262.768** |

| | | |
|---|---|---|
| **Gjöld umfram tekjur** | **kr.** | **6.078.381** |



# POST AND TELECOM ADMINISTRATION

### Income Statement April–December 1997

| | | |
|---|---|---|
| **Operating Revenue:** | | |
| Assigned income | kr. | 53.084.809 |
| License fee transferred from the Ministry of Communications | kr. | 40.000.000 |
| | **kr.** | **93.084.809** |
| **Interest Revenue:** | | |
| Interest on accounts | kr. | 525.761 |
| Interest from accounts receivable | kr. | 12.437.143 |
| | **kr.** | **12.962.904** |
| **Total Revenue** | **kr.** | **106.047.713** |
| **Operating Profit** | **kr.** | **11.266.767** |

# NATIONAL TELECOM INSPECTORATE

### Income Statement January–March 1997

| | | |
|---|---|---|
| **Operating Revenue:** | | |
| Assigned Income | kr. | 11.184.387 |
| **Total Revenue** | **kr.** | **11.184.387** |



**Operating Costs:**

| | | |
|---|---|---|
| Payroll expenses | kr. | 33.903.083 |
| Other operating costs | kr. | 28.660.875 |
| Costs incurred from the Ministry of Communications | kr. | 32.209.680 |
| | **kr.** | **94.773.638** |

**Interest Expense:**

| | | |
|---|---|---|
| Interest paid | kr. | 7.308 |

| | | |
|---|---|---|
| **Total Costs** | **kr.** | **94.780.946** |

**Operating Costs:**

| | | |
|---|---|---|
| Payroll expenses | kr. | 7.184.783 |
| Asset purchases | kr. | 1.519.116 |
| Other costs | kr. | 4.370.239 |
| Write-offs | kr. | 4.188.630 |
| | **kr.** | **17.262.768** |

| | | |
|---|---|---|
| **Total Costs** | **kr.** | **17.262.768** |

| | | |
|---|---|---|
| **Operating Loss** | **kr.** | **6.078.381** |

# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Efnahagsreikningur apríl - desember 1997

**Eignir:**

| | | |
|---|---|---|
| Handbært fé | kr. | 33.346.638 |
| Fyrirfram greiddur kostnaður | kr. | 4.100.000 |
| Skammtímakröfur | kr. | 54.607.846 |
| | **kr.** | **92.054.484** |

**Skuldir:**

| | | |
|---|---|---|
| Höfuðstóll pr. 1. apríl 1997 | kr. | 44.891.157 |
| Biðreikningur | kr. | 14.026.889 |
| Óuppgjört v. ríkissjóð | kr. | 21.869.671 |
| Flutt af rekstrarreikningi | kr. | 11.266.767 |
| | **kr.** | **92.054.484** |

# FJARSKIPTAEFTIRLIT RÍKISINS

## Efnahagsreikningur pr. 31. mars 1997

| | | |
|---|---|---|
| **Höfuðstóll í ársbyrjun** | **kr.** | **59.357.998** |
| | | |
| **Endurmat samtals** | **kr.** | **-8.388.460** |
| **Flutt af rekstrarreikningi** | **kr.** | **-6.078.381** |
| Framlag úr ríkissjóði | kr. | -44.891.157 |
| Breytt staða gagnvart ríkissjóði | kr. | -50.969.538 |
| | | |
| **Höfuðstóll og endurmat 31. mars 1997** | **kr.** | **0** |

## POST AND TELECOM ADMINISTRATION

**Balance Sheet April–December 1997**

| | | |
|---|---|---|
| **Assets:** | | |
| Funds | kr. | 33.346.638 |
| Prepaid expenses | kr. | 4.100.000 |
| Receivables | kr. | 54.607.846 |
| | **kr.** | **92.054.484** |
| **Current Liabilities:** | | |
| Capital at 1 April 1997 | kr. | 44.891.157 |
| Suspense account | kr. | 14.026.889 |
| Liabilities to the State | kr. | 21.869.671 |
| Transferred from Income Statement | kr. | 11.266.767 |
| | **kr.** | **92.054.484** |

## NATIONAL TELECOM INSPECTORATE

**Balance Sheet at 31 March 1997**

| | | |
|---|---|---|
| **Capital at 1 January 1997** | **kr.** | **59.357.998** |
| **Revaluation of Receivables** | **kr.** | **-8.388.460** |
| **Transferred from Income Statement** | **kr.** | **-6.078.381** |
| On account with the State | kr. | -44.891.157 |
| Balance at 31 March 1997 | kr. | -50.969.538 |
| **Capital and Revaluation at 31 March 1997** | **kr.** | **0** |



# STARFSEMI PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR 1997

## Operations 1997

### Rekstrarleyfi í gildi í lok ársins 1997

(gefin út af Póst- og fjarskiptastofnun nema annað sé tekið fram).

**Operating licenses in force at the end of 1997**

(issued by the Post and Telecom Administration unless otherwise specified).

1. **Póstur og sími hf.** fyrir almenna fjarskiptaþjónustu, útgefið af samgönguráðherra. Gildistími til 31.12.1997.
2. **Póstur og sími hf.** fyrir póstþjónustu, útgefið af samgönguráðherra. Gildistími til 31.12.1997.
3. **Póstur og sími hf.** fyrir GSM, útgefið af samgönguráðherra. Gildistími til 31.12.1997.
4. **Póstdreifing ehf.** fyrir grunnpóstþjónustu, gefið út 01.06.1997 til 5 ára.
5. **Íslenska farsímafélagið hf.** fyrir GSM, gefið út 23.07.1997 til 10 ára frá 01.01.1998 að telja.
6. **Ríkisútvarpið** fyrir flutning hljóðvarps- og sjónvarpsmerkja um jarðstöð og gervitungl í fjarskiptaþjónustu, gefið út 29.07.1997 til 10 ára.
7. **SITA** leyfi fyrir gagnaflutningsþjónustu, útgefið af samgönguráðherra 09.03.1994 með ótakmörkuðum gildistíma.
8. **INTÍS hf.** leyfi fyrir gagnaflutningsþjónustu, útgefið af samgönguráðherra 26.06.1995 með ótakmörkuðum gildistíma.

### Tíðnir úthlutaðar

**Number of frequency allocations**

| | |
|---|---|
| 1. Hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar | 70 |
| 2. Fastasambönd | 50 |
| 3. Farsímastöðvar | 100 |
| 4. Farstöðvakerfi á metra- og desimetrabylgju | 70 |
| 5. Milli- og stuttbylgja | 15 |
| 6. Tímabundin leyfi fyrir FM hljóðvarp | 70 |
| 7. Önnur tímabundin leyfi til innlendra aðila | 35 |
| 8. Tímabundin leyfi til erlendra aðila | 75 |
| 9. Ýmislegt | 70 |

### Útgáfa leyfisbréfa fyrir radíótæki

**Number of radio equipment licenses issued**

| | |
|---|---|
| 1. Flugvélar | 36 |
| 2. Skip | 650 |
| 3. Landfarstöðvar á metrabylgju | 61 |
| 4. Landfarstöðvar á desimetrabylgju | 8 |
| 5. Landfarstöðvar á millibylgju | 19 |
| 6. Handstöðvar á metrabylgju | 109 |
| 7. Handstöðvar á desimetrabylgju | 42 |
| 8. Landmóðurstöðvar á metrabylgju | 7 |
| 9. Landmóðurstöðvar á desimetrabylgju | 1 |

### Útgáfa skírteina fyrir notendur

**Number of operator licenses issued**

| | |
|---|---|
| 1. Fjarskiptaskírteini, flug | 265 |
| 2. Fjarskiptaskírteini, skip | 101 |
| 3. Amatörar, innlendir | 5 |
| 4. Amatörar, erlendir | 15 |
| 5. Amatörar, ýmislegt | 15 |

### Úthlutun einkennisnúmera

**Number of identity numbers assigned**

| | |
|---|---|
| 1. Númer fyrir skip | 55 |

### Skipting eftir landssvæðum á bátum og skipum skoðuð af Póst- og fjarskiptastofnun

Division according to location of boats and ships inspected by the Post and Telecom Administration

| | |
|---|---|
| 1. Reykjavík, Hafnarfjörður, Suðurnes og Þorlákshöfn | 217 |
| 2. Akranes, Borgarfjörður og Snæfellsnes | 31 |
| 3. Vestfirðir | 27 |
| 4. Norðurland vestra | 12 |
| 5. Norðurland eystra | 64 |
| 6. Austurland | 28 |
| 7. Suðurland | 48 |
| 8. Skip skráð erlendis | 28 |



## Radíóbúnaðarskoðun í skipum og opnum vélbátum
**Radio inspections in ships and open motorboats**

| | |
|---|---|
| 1. Bátar styttri en 15 m (skoðaðir af Siglingastofnun Íslands) | 1.080 |
| 2. Bátar lengri en 15 m og skip (Póst- og fjarskiptastofnun) | 455 |

## Gerðarprófanir
**Type approvals**

| | |
|---|---|
| Fjöldi samþykktra tækja | 263 |
| Fjöldi hafnaðra tækja | 57 |
| Fjöldi undanþága | 2 |
| Búnaður skoðaður í tollafgreiðslu | 228 |

## Fjöldi truflanamála
**Number of interference cases**

| | |
|---|---|
| Kvartanir vegna truflana | 72 |

## Skráðar landsstöðvar í lok 1997
**Land stations on record at the end of 1997**

### Fastastöðvar
**Fixed stations**

| | |
|---|---|
| Metrabylgjustöðvar (VHF) | 140 |
| Desimetrabylgjustöðvar (UHF) | 13 |
| Millibylgjustöðvar (MF-SSB) | 26 |

### Farstöðvar í bifreiðum
**Vehicle stations**

| | |
|---|---|
| Millibylgjutalstöðvar (MF-SSB) | 541 |
| Metrabylgjutalstöðvar (VHF) | 3.302 |
| Desimetrabylgjustöðvar (UHF) | 148 |

## Stöðvar í skipum
**Ship stations**

| | |
|---|---|
| Millibylgjutalstöðvar (MF-SSB) | 433 |
| Stuttbylgjustöðvar (HF-SSB) | 7 |
| Milli- og stuttbylgjustöðvar (Combined MF/HF) | 159 |
| Metrabylgjustöðvar (VHF) | 4.093 |
| Neyðartalstöðvar (VHF) | 401 |
| Neyðartalstöðvar (SSB) | 515 |
| Radarsvarar (UHF) | 52 |
| Miðunarstöðvar (MF/HF) | 188 |
| Miðunarstöðvar (VHF) | 77 |
| Navtex (LF) | 298 |
| Neyðarbaujur (406 MHz) | 367 |
| Inmarsat A, B og M | 10 |
| Inmarsat C | 171 |

## Stöðvar í flugvélum
**Aircraft stations**

| | |
|---|---|
| Milli- og stuttbylgjur (MF/HF-SSB) | 84 |
| Metrabylgjur (VHF) | 425 |
| Neyðarsendar (ELT) | 275 |

## Handstöðvar og merkjasendar
**Handstations and markers**

| | |
|---|---|
| Metrabylgjutalstöðvar (VHF) | 2.208 |
| Desimetrabylgjutalstöðvar (UHF) | 403 |
| Merkjasendar (vitar) | 45 |



# SKIPURIT PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR
**Organization**




PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN